Hafnarfjarðarbær
Innk: 12/6/17
Málsnr: 1706162
521.1

**DAGSETNING MÓTTÖKU**
Dagur.Mánuður.Ár

**HAFNARFJÖRÐUR**

# UMSÓKN – STÖÐULEYFI

## 1. Umsækjandi / eigandi

| Nafn | Kennitala | Heimilisfang | Netfang |
|---|---|---|---|
| Efnamóttakan | 691298-2729 | Berghella 1 | jonh@efnamottakan.is |
| | | | |
| | | | |

## 2. Greiðandi

| Nafn | Kennitala | Póstnr.Heimilisfang | Netfang |
|---|---|---|---|
| Gámaþjó ehf | 560694-2619 | 221 Hfj | ingi@gamar.is |

## 3. Lóð/svæði

| Heiti | Nr. | Greinitala | Matshl. | Landnúmer |
|---|---|---|---|---|
| Berghella 1 | 1 | | 08 | |

## 4. Tegund

- ☐ Gámur
- ☐ Vinnuskúr
- ☐ Bifreið/rúta/húsbíll/hjólhýsi/fellihýsi/tjaldvagn
- ☒ Annað: Tjaldhýsi

## 5. Tímabil stöðuleyfis (hámark 12 mán.)

| Dags frá (dagur/mán/ár): | Til dags (dagur/mán/ár): |
|---|---|
| 1/6/17 | 1/6/18 |

## 6. Ástæða umsóknar um stöðuleyfi.

Lýsing: Með auknu geymslurými undir þaki er ætlunin að draga úr mengunarhættu í frárennsli og gera meðferð mengandi efna öruggari og mæta þannig auknum kröfum frá umhverfisyfirvöldum. ATH. Meðf. mannvirki var skráð til innanhússnota en fylgir hér óbreytt. ATH. Samkomulag hefur verið í gildi milli Gámaþjónustunnar og Hafnarfjarðarbæjar um greiðslur fyrir stöðuleyfi Gámaþjónustunnar og dótturfyrirtækja þ.m.t. Efnamóttökunnar.

## 7. Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn

- ☐ Samþykki eiganda
- ☒ Bréf umsækj. / hönnuða
- ☐ Annað:________________
- ☐ Samþykkt meðeig./-lóðarhafa
- ☒ Uppdráttur/teikning/skissa
- ☐ Samþykki nágranna
- ☒ Starfsleyfisskyld atvinnustarfssemi
- ☐ -umsögn heilbrigðiseftirlits
- ☐ -umsögn vinnueftirlits
- ☐ -umsögn brunaeftirlits

## 8. Undirritun

Í fullu umboði lóðarhafa, staður: Hfj dags. 7/6/2017

Jón H. Steingrímsson — Nafn
280763-2689 — Kennitala
Berkland 13 — Heimilisfang

665-5525 — Sími
jonh@efnamottakan.is — Netfang

MINNISBLAÐ – JHS 18. apríl 2017

# Gámatjöld sem geymslulausn fyrir Efnamóttökuna

Undanfarið hefur Efnamóttakan leitað lausna varðandi þörf fyrir tímabundna geymslu ýmissa efna í skjóli fyrir vatni og vindum. Þörfin fyrir slíka geymslu hefur farið vaxandi ár frá ári vegna hertra krafna af hálfu Umhverfisyfirvalda en einnig hefur komið á daginn að sá verkferill og aðstaða sem fyrirhuguð var fyrir geymslu og vinnslu rafgeyma hefur ekki gengið eftir vegna annarra brýnna verkefna sem fengið hafa forgang til aðstöðunnar innanhúss. Að því leyti er þetta lausn á vanda sem varðar starfsleyfi Efnamóttökunnar.

Önnur tilefni til geymslu undir þaki eru kör sem bíða þess að verða plöstuð áður en þau fara í brennslu hjá Kölku. Þá er stundum þörf á að geyma ýmsan raftækjaúrgang, sérstaklega skjái og fínni tölvubúnað tímabundið undir þaki til að forða honum frá raka.

Sem lausn á ofangreindu hefur komið til skoðunar að kaupa gámatjöld en þau eru einföld og ódýr leið, enda hægt að nýta gáma sem fyrir eru hvort sem er sem stoðveggi og burð á tvo vegu. Jafnframt eru viðkomandi tjöld af sömu lengd og gámarnir en hægt er að velja um breiddina á tjaldinu, þ.e. hvort það er 8, 10 eða 12 metrar á breidd. Tjaldið kemur jafnframt með fjarstýrðri rafmagnshurð (4,5 x 4,5 m). Verð á þannig tjaldi sem er 12 x 12 metrar að flatarmáli er ca. 1.250 þús.kr. án vsk. Það eru þeir bræður í Papco sem eru að selja þessi tjöld og nota m.a. sjálfir fjögur slík til að geyma í birgðir af WC-pappír. Rétt er að taka fram að kostnaðurinn verður eitthvað meiri vegna uppsetningar og vegna hugsanlegrar styrkingar á grind.

Margra ára reynsla mun vera af notkun svona tjalda og til að mynda eru nágrannar okkar hjá Rafal að nota svona tjald, reyndar frá öðrum framleiðanda.

Þessi tjöld eru fest ofan á leiðara sem eru boltaðir niður í malbikið. Svo er þessi tegund sem Papco er að selja að auki fest í 40 feta gáma sem mynda einskonar stoðveggi.

Okkar hugmynd er að prófa að kaupa eitt 12 x 12 tjald og stilla því upp á suðausturhorni lóðarinnar. Þar eru fyrir tveir 40 feta gámar (annar ofan á hinum) og settir yrðu einn eða tveir í 12 metra fjarlægð til norðurs og tjaldið þar á milli. Við myndum síðan láta reyna á þetta sem lausn og eins hvort þetta fullnægir þeirri þörf sem nú er til staðar.

Sjá myndir af Papco-tjaldinu á næstu síðu.

Jón H. Steingrímsson

**PAPCO-TJALD**









**RAFAL-TJALD**





# Gámatjöld

## Einföld leið til að auka pláss

- Sterkt tjald sem festist á gáma.
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind.
- CE Vottun.
- Margra ára reynsla á Íslandi.
- Festist á 20" eða 40 feta gáma.
- Breidd á milli gáma 8,10 eða 12 metra.

**Verð dæmi:**
12 metra breitt (á milli gáma)
12 metra langt (40 feta gám)
144 m$^2$ innanmál.
4,5 m hæð í mæni.
Fjarstýrð rafmagnshurð 4,5x4,5
***Verð ca 1.550.000 m/vsk***







GÁMATJÖLD
FACEBOOK

**Uppýsingar: gamatjold@gmail.com - Gámatjöld á FB**